

Fundargerð.
Stjórnarfundur nr. 118.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í fjarfundi gegnum Teams þriðjudaginn 8. október kl. 11.30. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Snorri Finnlaugsson og Pétur Arason. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Endurskoðuð gjaldskrá Norðurár bs fyrir árið 2025.
2. Önnur mál

Fundargerð:

1. Endurskoðuð gjaldskrá Norðurár bs. fyrir árið 2025.

Lögð fram til umræðu og afgreiðslu endurskoðuð gjaldskrá fyrir Norðurá bs, sem taka mun gildi 1. janúar 2025. Til grundvallar voru, auk hækkana á einstaka flokka úrgangs, sett fram dæmi um hvaða áhrif samdráttur í urðun myndi hafa á reksturinn. Er þessi endurskoðun í fullu samræmi við niðurstöðu aðalfundar Norðurár bs. 19. mars sl. um að stjórn Norðurár verði falið að taka gjaldskrá félagsins til skoðunar fyrir 15. október ár hvert og ákveða gjaldskrá fyrir komandi ár sem taki gildi 1. janúar.

Tillögurnar sem lágu fyrir fundinum voru aðeins mismunandi, allt frá 5-25% verðhækkun á mismunandi flokka úrgangs eftir eðli þeirra og umfangi, yfir í flata 25% hækkun óháð eðli og umfangi. Helstu rökin fyrir því að hafa mismunandi prósentuhækkun voru þær að hækka frekar þá flokka sem þykja á einhvern hátt óæskilegir til urðunar og/eða í þeim tilgangi að ýta þeim flokkum til frekari endurvinnslu. Helstu rökin fyrir flatrí hækkun voru horfur um samdrátt í urðun á komandi árum vegna aukinnar endurvinnslu og minni sóunar en einnig til þess að koma til móts við það sem telja má eðlilega þróun

gjaldskrár en gjaldskrá Norðurár hafði staðið í stað frá árinu 2020 til 1. júní 2024.

Pétur Arason óskar bókað að Húnabyggð hafi rætt gjaldskrárhækkun Norðurár á fundi byggðarráðs þann 3. október sl. Telur byggðarráð að æskilegt sé að gera flata hækkun upp á 29% á alla flokka.

Stjórn Norðurár samþykkti samhljóða gjaldskrá Norðurár bs. fyrir árið 2025 með 5-25% hækkun á mismunandi flokka úrgangs. Jafnframt var formanni falið að tilkynna breytta gjaldskrá til sveitarfélaga á starfssvæði Norðurár bs og þjónustuaðila.

2. Önnur mál

- a) Elvar gerði grein fyrir athugun sem hann og Margeir Friðriksson hafa gert á að taka upp nýtt skráningarkerfi fyrir úrgang sem tekið er á móti í Stekkjarvík. Viðræður hafa verið við Advania um uppsetningu á sérstöku skráningarkerfi sem sé skilvirkara en það sem er í notkun og hafi beina tengingu við reikninga- og bókhaldskerfi Norðurár bs. Eftir sé að fara betur yfir skráningar og upplýsingagjöf til UST. Málið var til kynningar og gert ráð fyrir að taka afstöðu til hvort lagt verði í kostnað við nýtt kerfi á næsta fundi.
- b) Umræður urðu um lífrænan úrgang og hvað sé framundan í afsetningu á sláturúrgangi og dýrahræum. Snorri upplýsti að unnið hefði verið að því að finna lausn á vettvangi Líforku ehf en í raun sé hugmyndafræði um lausnir á vegum Umhverfis- og Matvælaráðuneyta.

Fundi slitið kl. 12.00

Magnús B. Jónsson

Sveinn F. Úlfarsson

Hrefna Jóhannesdóttir

Snorri Finnlaugsson

Pétur Arason